



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 15. maí 2009

Ákvörðun nr. 20/2009

Samruni Haga hf. og BT Verslana ehf.

I.

Upphaf máls þessa má rekja til þess að þann 15. desember 2008 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning frá Högum hf. vegna kaupa félagsins á eignum þrotabús BT Verslana ehf. Með tilkynningu þessari fylgdi samrunaskrá í samræmi við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Kom þar fram að í samrunanum fælist að hinn 20. nóvember 2008 hefði verið gerður samningur milli Haga Invest ehf.¹ (Haga) og þrotabús BT Verslana ehf. (BT) um kaup Haga á innrétingum, tækjum, tólum, vörumerki, öllum lager verslana BT og öðru sem við kemur verslunarrekstri BT. Þá kom fram í kaupsamningi að Hagar tækju yfir ráðningarsamninga 44 starfsmanna. Umsamið kaupverð var [...] ² milljónir króna auk þess sem fyrir lager var greitt [...] % af innkaupsverði hans. Í samrunaskrá kom einnig fram að eftir samrunann yrði BT deild innan Haga hf. Verslanir BT í Smáralind og á Akureyri yrðu áfram reknar, en öðrum verslunum BT yrði lokað.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 21. janúar 2009, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Þann 13. febrúar 2009 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum bréf þar sem óskað var eftir frekari gögnum og upplýsingum sem eftirlitið taldi nauðsynlegt að fá til þess að leggja mat á málið. Með bréfi dags. þann 18. febrúar 2009 bárust umbeðin gögn og upplýsingar frá þrotabúi BT Verslana ehf. en svör Haga bárust með bréfi dags. þann 19. febrúar 2009.

Þá skal tekið fram að með bréfi dags. þann 16. janúar 2009 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að stofnunin hefði ákveðið að taka til athugunar í sérstöku máli hvort ákvæði 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 hefðu verið brotin í tengslum við framkvæmd á umræddum samruna. Mál þetta er enn til meðferðar.

Þann 8. apríl 2009 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum andmælaskjal vegna samrunans. Andmælaskjal er ritað á grundvelli 17. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins í þeim tilgangi að auðvelda málsaðilum að nýta andmælarétt sinn

¹ Um er að ræða 100% dótturfélag Haga hf. og er því vísað til Haga hf. sem kaupanda.

² Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari.



áður en ákvörðun er tekin í málinu í samræmi við stjórnisýslulög nr. 37/1993 og stuðla að því að rétt ákvörðun verði tekin.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri frumniðurstöðu að í kaupum Haga á eignum þrotabús BT fælist samruni í skilningi samkeppnilaga. Einnig var komist að þeirri frumniðurstöðu að markaðir málsins væru 1) markaðurinn fyrir smásölu tónlistar á geisladiskum, 2) markaðurinn fyrir smásölu á DVD mynddiskum, 3) markaðurinn fyrir smásölu á tölvuleikjum, 4) markaðurinn fyrir smásölu á tölvum, tölvuúhlutum og öðrum tölvuvörum og 5) markaðurinn fyrir smásölu annarra raftækja heldur en svokallaðra „hvítra“ heimilistækja. Í andmælaskjalinu færði Samkeppniseftirlitið fyrir því ýmis rök að samruninn raskaði samkeppni með alvarlegum hætti.

Aðilum var veittur frestur til 22. apríl 2009 til þess að svara andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins. Þann 21. apríl 2009 óskaði þrotabú BT eftir framlengdum fresti til að koma að andmælum og var frestur veittur samdægurs til 29. apríl 2009. Þann 29. apríl sl. bárust svo athugasemdir við andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins frá þrotabúi BT. Taldi þrotabúið að umfjöllun í andmælaskjalinu ætti ekki við rök að styðjast.

Þann 22. apríl 2009 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Högum þar sem fram kom að tilkynning um samruna málsins til Samkeppniseftirlitsins frá 15. desember sl. væri þar með dregin til baka og því myndu Hagar hf. ekki láta málið frekar til sín taka. Meðfylgjandi bréfinu var bréf sem sent var þrotabúi BT þann 21. apríl 2009 þar sem því var lýst yfir að kaupsamningur aðila frá 20. nóvember 2008 væri fallinn niður. Kom þar jafnframt fram krafa um fjárhagslegt uppgjör vegna niðurfellingar samningsins, þ.e. krafa um endurgreiðslu kaupverðs gegn afhendingu tilgreindra eigna til þrotabúsins.

Með bréfum dags. þann 29. apríl 2009 var óskað eftir upplýsingum frá bæði Högum og þrotabúi BT Verslana vegna afturköllunar á samrunatilkynningu og var veittur frestur til 4. maí til þess að svara þeirri beiðni. Með bréfi frá Högum dags. þann 5. maí 2009 kom fram að samkvæmt 8. gr. kaupsamningsins við þrotabú BT hafi samningurinn verið bundinn fyrirvara um að ekki kæmu fram athugasemdir af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Vegna athugasemda í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins frá 8. apríl 2009 hafi Hagar því lýst yfir brottfalli samningsins við þrotabú BT. Í tölvupósti frá þrotabúi BT til Samkeppniseftirlitsins dags. þann 5. maí 2009 kom fram að eingöngu ætti eftir að undirrita samkomulag þrotabúsins og Haga um að falla frá kaupsamningnum frá 20. nóvember 2008.

Með tölvupósti frá þrotabúi BT, dags. 7. maí 2009, barst Samkeppniseftirlitinu afrit af samningi milli samrunaaðila sem undirritaður var þann 5. maí 2009 um riftun kaupsamnings sem gerður var þann 20. nóvember 2008 um kaup Haga á BT. Sambærilegur tölvupóstur barst frá Högum þann 11. maí 2009.

Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að samruni sá sem tilkynntur var stofnuninni þann 15. desember 2008 hafi gengið til baka. Af þeim ástæðum telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Eins og fyrr sagði verður tekin afstaða til ætlaðra brota á 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga í öðru máli.



II.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Haga hf. á þrotabúi BT Verslana ehf. fólu í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Tilkynning um samruna til Samkeppniseftirlitsins var afturkölluð af hálfu samrunaaðila vegna riftunar á kaupsamningi. Af þeim ástæðum telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til að aðhafast frekar í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson